

mísk hlutverk eins og í Toscu, en yfirþent drama eins og í Luciu de Lammermoor finnst mér lítið skemmtilegt.“

Guðjón tekur sér ársleyfi frá Óslóaróperunni næsta starfár. Hann fer með fjölskyldunni til Englands í sumar og syngur í Don Giovanni á Glyndebourne-hátíðinni fram á haust. Þá fer hann til München og syngur þar í Bayerischer Staatsoper þangað til í nóvember. Þaðan liggur leiðin beint til Frankfurt og áfram halda ferðalögin eftir áramót. Er þetta ekki ótrúlegt líf?

„Ég gæti ekki hugsað mér lengur að stunda mína gömlu vinnu,“ svarar Guðjón, „þetta er spennandi líf, en veistu, aðeins að vissu marki. Það verður þreytandi að búa einhversstaðar á hanabjálka í burtu frá sínu fólki þótt vitanlega sé skemmtilegt að koma á nýjar slóðir. Nú fer ég að velta því fyrir mér hvað við taki; hvort ég verði áfram í örugginu í Óslóaróperunni eða skelli mér í lausamennsku. Þar er margt fleira að spá í en eiginn nafli.“

Ég hef enga stjörnuþýju í augnum, segist ekki endilega stefna á toppinn eins og tenórarnir. Mér finnst einfaldlega stórkostlegt að geta séð mér og mínum farborða með söngnum. Vitaskuld vil ég þroskast og verða betri söngvari. Til þess hef ég langa starfsævi.“

Viðtal: Þórunn Þórsdóttir

Leiklestur úr Tsjekhov

Í LISTAKLÚBBI Leikhúskjallarans mánudaginn 24. janúar verða leiknar senur úr leikriti Antons Tsjekhovs, „Þrjár systur“. Við sögu koma systurnar þrjár og bróðir þeirra, hið ástfangna prófessorsefni og fíðlusnillingurinn Andrej.

Í fréttatilkynningu Listaklúbbsins segir að markmiðið með þessari dagskrá verði fyrst og fremst að rannsaka hin ýmsu form leikhússins með það fyrir augum að komast sem næst inntaki textans og finna honum búning sem okkur finnst skemmtilegur og spennandi.

Þátttakendur í þessum leiklestri verða Hjalti Rögnvaldsson, Anna Kristín Arngrímsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Edda Heiðrún Backman. Dagskrárstjóri er Ásdís Þórhallsdóttir.

Ennfremur segir í tilkynningu að allir séu velkomnir, sérstaklega þeir sem vilja nota tækifærið til að kíkja inn fyrir hefðbundinn ramma milli leikarans og áhorfandans.

Leiklesturinn hefst kl. 20.30. og er aðgangseyrir 300 krónur.

Finnbogi Pétursson

Myndlist


Eiríkur Þorláksson

Hið framandi er örugglega einn merkasti þáttur myndlistarinnar á hverjum tíma. Hið kunnuglega er ef til vill öruggast og þægilegast þegar gengið er á vitlistarinnar, því þar hefur sýningargesturinn sín haldreipi, sína viðmiðun. En í slíkum sýningarferðum gerist sjaldan mikið hið innra með gestinum; allt er slétt og fágáð, fellur að stöfum. Þegar sýningargestir kynnast einhverju nýju ber hins vegar annað við; það sem fólki finnst framandi, vekur áhuga og leiðir til umhugsunar, allt þar til viðkomandi kemst að niðurstöðu um hið nýja áreiti.

Svonefndir hljóðskúlptúrar eru slíkt framandi áreiti í hugum margra, þó þessi grein myndlistarinnar sé engan veginn ný af nálinni nú undir lok aldarinnar. Undir þessu heiti hafa listamenn leitast við að sameina hina sjónrænu og byggingarlegu þætti höggmyndalistarinnar og hljóðið, hvort sem það er í flóknu formi talaðs máls eða fjölbreytilegum útgáfum rafrænna tónaraða. Árangurinn er oft óvæntur og forvitnilegur, eins og sést best á tveim ólíkum sýningum hljóðskúlptúra sem nú er hægt að kynna sér í Reykjavík — annars vegar sýningu Magnúsar Pálsónar í Nýlistasafninu og hins vegar sýningu á verki Finnboga Péturssonar í miðrými Kjarvalsstaða.

Það er vel við hæfi að menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar bjóði Finnboga Péturssyni til sýningar, en hann hefur á undanförunum árum skapað nokkur eftirminnleg hljóðverk á sýn-

Finnbogi Pétursson: „Móttaka“. 1994.



ingum hér á landi. Er þar skemmst að minnast sýningar hans í Nýlistasafninu 1991, þar sem verk hans „Hringur“ batt saman hljóð, vatn, ljós og skugga á afar sérstæðan hátt; verkið „Pendúlar“ var eitt sterkasta verkið á sýningunni Borealis VI í Listasafni Íslands síðastliðið sumar, og staðbundið verk hans á opunarsýningu Listasafnsins á Akureyri er einnig minnisstætt. Finnbogi vinnur sína hljóðskúlptúra á þann hátt að þeir hljóta ætíð að markast mikið af því umhverfi, sem þeim er ætlað, og svo er einnig að þessu sinni. Látlautst yfirbragð verksins „Móttaka“ ber við fyrstu sýn ekki með sér þá möguleika sem í því búa, en formgerð þess fellur afar vel að miðrými Kjarvalsstaða, svo að við fyrstu sýn er jafnlíklegt að menn gangi framhjá.

Verkið samanstendur af tveimur röðum af sjö mislögum röðum úr hörðu plasti (sem frá verksmiðjunni eru ætluð utan um jarðstrengi), sem helst minna á risavaxnar panflautur. Í ytri enda

röranna eru tengdir hátalarar, og í gegnum þá er varpað rafrúðum, sem mynda þá taktföstu hljóma, sem berast eftir og út frá verkinu. Þessir seiðandi hljómar minna um sumt á framandi hljóðfæri, en einnig á þá rafrænu tónlist, sem ýmsir kannast við; það eru hins vegar heildarhrif heyrnar og sjónar sem skipta mestu um áhrif verksins í rýminu, sem sjaldan hefur notið sín betur.

Í tilefni sýningarinnar hefur verið gefin út vegleg sýningarskrá, þar sem er að finna myndir af ýmsum eldri verkum Finnboga, auk fróðlegra hugleiðinga Halldórs Björns Runólfssonar listfræðings um listamanninn og listræna samsvörun verka hans í gegnum tíðina. Það er mikill fengur að skránni, sem ætti að vera mörgum ágæt kynning á þessari vaxandi grein myndlistarinnar. Sýningin á verki Finnboga Péturssonar í miðrými Kjarvalsstaða stendur til 13. febrúar líkt og aðrar sýningar á staðnum, og ættu gestir hússins að gefa sér góðan tíma til að kynnast þessu verki.

Sterkur og hagkvæmur auglýsingamiðill!
Morgunblaðið

Kjósum ÞORBERG ADALSTEINSSON
Kosningaskrifstofa að Faxafeni 10 (2. hæð)
Sími 88 70 88
6. sæti



Bílamarkaðurinn

Smíðjuvegi 46E

v/Reykjanesbraut.

Kópavogi, sími

571800



Opið sunnudaga kl. 13-18.



MMC Colt GLX '89, hvítur, 5 g., ek. 75 þ., rafm. í rúðum o.fl. V. 690 þús.



Toyota Hi Lux 2.4 EFI '90, rauður, 5 g., ek. 29 þ. milur, upphækkaður. V. 1290 þús.



Subaru Legacy station '90, brúnsans, 5 g., ek. 55 þ., rafm. í rúðum o.fl. V. 1270 þús., sk. á ód.



MMC Lancer GLXI '93, hvítur, sjálfsk., ek. 15 þ., rafm. í rúðum, hiti í sætum, dráttarkúla o.fl. Sem nýr. V. 1300 þús.



MMC Pajero langur DT '92, 5 g., ek. 73 þ., sóllúga, álfelgur, rafm. í rúðum, central læs., 33" dekk, upphækkaður o.fl. V. 3.2 millj., sk. á ód.

Einnig: MMC Pajero V-6 '91, grár/blár, sjálfsk., ek. 52 þ., sóllúga, álfelgur, rafm. í öllu o.fl. V. 2.2 millj., sk. á ód.

Toyota Double Cap diesel '92, 5 g., ek. 46 þ., rauður, upphækkaður, 33" dekk, lengri skúffa. V. 1890 þús., sk. á ód.

Toyota Corolla GTI '88, hvítur, 5 g., ek. 78 þ., sóllúga, rafm. í rúðum, spoiler. V. 690 þús.

Honda Civic GL Sedan '88, sjálfsk., ke. 75 þ., grár. V. 630 þús.

Volvo 440 GLT '89, svartur, 5 g., ek. 80 þ., álfelgur, rafm. í rúðum, spoiler o.fl. V. 830 þús., sk. á ód.

Toyota 4Runner EFI '85, rauður, 5 g., ek. 113 þ., sérskoðaður, 35" dekk, 4:10 hlutföll, sóllúga o.fl. Gott eintak. V. 1080 þús.

Ford Orion CIX '92, hvítur, 5 g., ek. 35 þ. V. 870 þús.

Toyota Carina XL '91, rauður, sjálfsk., m/overdrive, ek. 46 þ. V. 1120 þús.

MMC Pajero langur, bensín '88, 5 g., ek. 102 þ., rafm. í rúðum, álfelgur o.fl. V. 1390 þús., sk. á ód.

Nissan Sunny Coupe 1500 SGX '88, rauður, 5 g., ek. 104 þ., álfelgur. V. 590 þús.

Mazda 323 1500 GLX Sedan '87, 5 g., ek. 97 þ. v. 420 þús.

ÚTSAULA

10 - 80% afsláttur



HLJÓÐFÆRAHÚS
REYKJAVÍKUR
Laugavegi 96 - Sími: 600935



KRINGLUNNI SÍMI: 600930
STÓRVERSLUN LAUGAVEGI 26 SÍMI: 600926
LAUGAVEGI 96 SÍMI: 600934